



Gamli tíminn og ný Teikning Studio Granda af nýbyggingunni.

Hvað verður í húsinu?

Langtímamarkmið er að í húsinu verði lista- og fræðasetur þar sem skapa megi frjóan jarðveg og ákjósanleg skilyrði fyrir margs konar lista- og fræðastörf. Setrið myndi hýsa erlenda fræði- og listamenn, sem fást við rannsóknir og kennslu í háskólum Reykjavíkur, sköpun á sviði bókmennta, sjónlista og tónlistar og fræðastörf tengd Íslandi og Íslendingum, útskýrir Trausti. Með þessu vill hann styðja við þá listasögu sem húsið býr yfir. Setrið yrði einhvers konar vegamót lista og uppspretta hugmynda.

Til að byrja með stefnir Trausti á rekstur hótélbúða í húsinu. „Nú skiptir öllu máli að geta fjármagnað framkvæmdina og hótélbúðir gætu hjálpað til við það. Tímarnir eru erfiðir en ég er hjartstýnn. Við höfum hug á að leita samstarfs við hótélrekendur í grenndinni sem bjóða fyrsta flokkis þjónustu því íbúðirnar verða vandaðar.“

Kosturinn við rekstur hótélbúða í húsinu er að samhliða verður hægt að byrja með listamannaíbúðirnar. „Nýtingin verður sjaldan 100% og til að byrja með gætum við ráðstafað allavega einni íbúð í slíkan rekstur.“

Gallerí á neðstu hæð?

„Við erum búnir að vera í viðræðum við eigendur gallerí í Reykjavík um að það komi inn á jarðhæð og í kjallara,“ segir Jóhann. „Við getum búið 500 fermetra með þar sem hæst er 4,8 metra lofthæð. Þeim list vel á staðsetninguna, húsnæðið og fermetrafjöldann,“ segir Jóhann og bætir því við að nýbyggingin við Vegamótastíginn eigi eftir að tengja Skólavörðustíg og Laugaveg betur saman.

Laxness og Kjarval

Nóbelskáldið Halldór Laxness bjó er hann var unglingur um hróð í húsinu við Vegamótastíg 9 og skrifar um dvöl sína í endurminningabókinni *Sjö-meistarasagan*. „En það var ánægjuleg, að mér liggur við að segja sæl stund, að stíga aftur inni gömlu suðurstofuna á Vegamótastíg þar sem sólin bjó; og þar sem Jóhannes Kjarval hafði verið leigjandi þegar ég var sjö ára. Þá sá ég hann mála dreka úr gulli á svart silki,“ skrifar hann.

„Ég var látinn vera hér til húsa hjá þessum góðu hjónum þegar ég fór í bána fyrst, 12 ára, til að læra myndlist og tónlist og fleiri listir, að því ógleymsdu sem oft hefur verið viðlag á þessum blóðum að ég ætlaði mér að verða stórskáld á borð við frá Torf-hildi Hólmi,“ ritar hann einnig en visurnar sem Morgunblaðið birtir á forsíðunni í dag eru einmitt skrifaðar í pöcesbókina það haust.

Skáldsaga skrifuð í húsinu

Hann segist hafa skrifað skáldsöguna *Aftureldingu* á þessum tíma en segir hana nú brunnna og hafa aldrei verið lesna af dörum en höfundinum sjálfum, „utan grautad eitthvað í henni af Jakobi Smára“.

Kaffinn um veru skáldsins á Vegamótastíg er fjórar blaðsíður í bókinni og skemmtilegur lestrar eins og blaðamaður komst að þegar hann fletti árituðu eintaki merktu Guðrínu Dagnýju Ágústsdóttur, móður Trausta, en bókinn býr í húsinu ásamt



Morgunblaðið/G. Rómar

fleiri skemmtilegum gripum tengdum sögu ættarinnar. Þeirra á meðal er mynd eftir Kjarval af Öxarárfossi, sem var jólagjöf til húsráðenda, langafa og langömmu Trausta. Ennfremur skissaði Kjarval mynd af Þórdísi Dagbjörtnu Davíðsdóttur, ömmu Trausta og eiganda pöcesbókarinnar góðu, nú ára gamalli árið 1912.

Virðingarv

Hvað fær venjulega fjölskyldu til þess að ráðast í það að flytja hús sitt upp á þak nýbyggingar í hjarta Reykjavíkur? Inga Rún Sigurðardóttir fór í vöflukaffi að Vegamótastíg 9.

Fyrir Trausta Þór Sverrisson kom það aldrei til greina að flytja úr ættaróðalinu við Vegamótastíg. Hann sá það þó ekki fyrir að viðleitni hans til að halda í hið gamla á breyttum tímum myndi leiða til fjögurra hæða nýbyggingar þar sem æskuheimili hans yrði lyft upp á þak. Borgarráð samþykkti þessa breytingu á deiliskipulagi á fimmtudag í síðustu viku og er fjölskyldan kom-in skrefi nær því að láta drauminn rætast.

„Þótt við séum bara venjuleg fjölskylda þá förum við ekki ódýrustu leiðina,“ segir Trausti en þetta er vissulega ekki einfaldasta leiðin eða sú sem gefur mestan arð. Samkvæmt deiliskipulagi sem samþykkt var árið 2002 mátti byggja stórt hús á lóðinni, svipað húsi Máls og menningar. „Við andmæltum ekki því skipulagi sem var ef til vill mistök,“ segir hann. „Eftir þetta varð ég var við áhuga, hvort ég væri ekki tilbúinn til að selja.“ Hann segir fyrstu tilboðin hafa verið „brosleg“. „Við vorum hreinlega ekki látin í friði en fyrsta tilboðið hjólaði upp á tvær milljónir auk þess að húsinu yrði fundin ný lóð. Fjöldlega kom á daginn að til voru fjórar mismunandi teikningar af nýbyggingu á horninu án okkar vitundar, meðal annars tvær á borði Aflvaka, félags sem var stofnað til að greiða fyrir uppbyggingu í miðbænum. Tilboðin hækkuðu en aldrei kom til greina að selja.“

Sjötti ættliðurinn í húsinu

Einhverri fjölskyldu hefði fundist hún hafa döttið í lukkupottinn, að búa á lóð með svona miklu leyfilegu byggingarmagni, en Trausta langaði ekki að yfirgefa svæðið. „Það er vegna þess að þetta er fjölskylduhús með sögu á bak við sig,“ segir Trausti, sem keypti húsið árið 2000 úr dánarbúi ömmu sinnar, sem hafði látið tveimur árum fyrr. Sjálfur ólst hann upp í húsinu ásamt þremur bræðrum, foreldrum og ömmu fram yfir tví-tugsaldur. „Davíð Jóhannesson, langafi minn, og kona hans Guðrún Skaptadóttir fluttu í húsið 1906. Með þeim fluttu inn foreldrar Davíðs, Jóhannes Oddsson, og Salgerður Þorgrímsdóttir. Húsið er byggt árið 1904 af Páli Guðmundssyni trésmið. Húsið hefur verið í eigu sömu fjölskyldu síðan og börnin mín eru því sjötti ættliðurinn í húsinu.“

Þróun með þolinmæði

Fjölskyldan leitaði til Studio Granda um hönnun á húsi á lóðinni. „Ég talaði við Steve Christer fyrst í desember 2003,“ segir Trausti en Steve er arkitekt hússins ásamt Margrét Harðardóttur. „Steve kom með hugmyndina um að flytja húsið upp á þak,“ segir Trausti sem var strax spenntur fyrir hugmyndinni. „Mikil vinna hefur farið fram á teikniborðinu hjá Studio Granda og hefur ferillinn verið langur og nokkuð óvenjulegur. Þau báðu okkur um þolinmæði og við höfum sannarlega unnið þetta vandlega,“ segir Trausti. Ástaðan fyrir því að verkefnið hefur fengið að þróa með þessum hætti er að þetta er fjölskylduhús og fjölskylduverkefni og hlutirnir þurfa ekki að gerast á „verktakahræða“.

Börn Trausta eru Ólafur Sverrir, nemi við Menntaskólann í Reykjavík, og Júlía Margrét, sem stundar söngnám við Royal College of Music í London. Stjúpsönur er Jóhann Meunier, sem rekur verslunina Liborius við Laugaveg. Kona Trausta og móðir barnanna var Dóra Kondrup en hún lést úr heilakrabbameini árið 2006. „Eftir að mamma dó, þurftum við að stefna að einhverju sem myndi færa okkur saman. Við vorum öll í lausu lofti eftir andlát hennar. Þá ákváðum við að einbeita okkur að þessu. Ég get ekki annað en trúað því að mamma sé hérna með okkur. Þetta hefur allt gengið svo vel,“ segir Jóhann en fjölskyldan hefur ennfremur stofnað minningarsjóð um hana, sem veitti fyrstu styrki sína í sumar.

Verkefnið stækkaði enn frekar þegar auða lóðin að Vegamótastíg 7 var keypt. Félagið Efri-Vegamót ehf. var myndað um framkvæmdina og festi kaup á lóðinni í október á síðasta ári. Trausti, sem hefur stundað kennslu- og útvarpsstörf hálfan þrjú áratug, einbeitt sér nú að rekstri fyrirtækisins, auk þess að stunda meistaranám til MEd-profs í stærðfræði og kennslufræði við Háskólann í Reykjavík.

Jóhann býr ekki lengur heima en hefur aldrei flutt langt frá „höfuðstöðvunum“. „Hingað komum við í graut á morgnana og um helgar í mat.“ Jóhann er mikill miðbæjarnaður og er stjúpfoður sínum til halds og trausts í rekstrinum.

Ný tíminn ber uppi þann gamla

Partur af hugmyndafræðinni með „uppfærslunni“ er að senda skilaboð. „Gömlu húsin standa alltaf í skugga þeirra nýju en þarna er þessu einfaldlega snúið við. Ný tíminn ber uppi gamla tímann en skyggir ekki á hann, er virðingarröttur við það sem var,“ segir Trausti þannig að sólin fær enn að búa í stofunni við Vegamótastíg eins og Halldór Laxness skrifaði en hann bjó í húsinu um tíma rétt eins og Jóhannes Kjarval.

Til viðbótar verður steinbærinn Herdisarbaer, kenndur við Herdísi Simonardóttur sem þar bjó síðast, endurreistur uppi á þakinu. Bærinn, sem byggður var árið 1893, stóð við Vegamótastíg 7 en var rifinn seint á sjöunda áratugnum, þegar stígurinn var breikkaður.

Trausti er verndunarsinni auk þess að vera sögugraskari en hann hefur hug á því að vera með sögusýningu um hverfið í húsinu þegar það verður tilbúið. „Vardveisla kostar meiri hugsun, fyrirhöfn og stundum miklu meiri peninga en að gleyma því sem við eigum. Í endurnýjun miðborgarinnar þarf að virða söguna með einhverjum hætti. Ekki horfa í krónur og aura þegar þarf að taka ákvörðun um verndun gamalla húsa,“ segir Trausti, sem kallar þær nýbyggingar sem reisa átti til Laugaveg 4-6 „sviplausar“. „Það er ekki þar með sagt að það megi ekki byggja neitt nýtt. Nauðsynlegt er að skoða hvern reit fyrir sig og meta hvernig hægt er að vinna með þá sögu sem þar er fyrir hendi. Ég sakna þess í tillögu um Listaháskólann. En það erum við að gera hér,“ segir hann.

Heildarstefnu en ekki „slysavarnir“

„Mér finnst vanta úrræði hjá borginni svo hún geti beitt sér af krafti við að móta þessa gömlu byggð þannig að hún verði falleg og við sátt við hana. Það gerist ekki með því að bíða eftir því að þeir sem eiga húsin taki upp á einhverju sjálfir. Borgaryfirvöld þurfa að skapa grundvöll fyrir umræðu og kasta fram hugmyndum þangað til við verðum sátt við þetta umhverfi í heild, ekki bara einstaka lóðir við Laugaveg,“ segir Trausti og bætir við að núverandi skipulagsstefna krefjist slysavarna, sem stundum bregðist, en heildarsýn vanti.

„Svo er álag og umgengni í miðborginni kapituli út af fyrir sig. Of fáir kaupmenn og veitingahúsaeigendur gera hreint fyrir sínum dýrum í miðbænum og borgin virðist ekki hafa úrræði til að bregðast við því,“ segir hann en annar hvati þess að hefja ættaróðalið til skýjana er skarkali frá nálægum skemmtistöðum. „Hér er ekki lift um helgar. Ég fer stundum í foreldrahús eða íbúðir bróður míns. Við viljum hafa næturlíf og það eru mann-réttindi,“ segir hann en íbúðirnar í nýja húsinu verða sérstaklega vel hljóðeinangraðar.

„Veitingastaðir hafa fengið að taka á sig mynd næturklúbba. Vegamót var kynntur fjölskyldufólki hér í grenndarkynningu fyrir áratug. Þá var hugmyndin að reka þar tölvukaffihús,“ segir Trausti, en það lifði ekki lengi. „Núna er þarna næturklúbbur með mikilli áfengissölu,“ segir Jóhann. Feðgarinn segja líka að þeir myndu ekki láta þarna ef þeir vildu ekki hafa líf í kringum sig. „En spurningin: Hvað eruð þið að gera hérna niðri í bæ ef þið þolið ekki hávaða?“ dugir ekki á okkur. Þetta er fjölskylduhús. Við erum búin að vera hérna í hundrað ár.“ *ingarun@mbli.is*

ottur við það sem var



Morgunblaðið/Frikk

Þar sem sólin bjó og býr enn Trausti stendur fyrir aftan Jóhann í stofunni í gamla fjölskylduhúsinu við Vegamótastíg 9 þar sem Laxness sá Kjarval „mála dreka úr gulli á svart silki.“ Húsið býr yfir mikilli menningarsögu og fær að lifa áfram á sama stað, bara aðeins hærra uppi.



Húsið og bærinn Sigfús Halldórsson málaði þessa mynd af Vegamótastíg 9 og Herðisarbæ en hann og afi Trausta, Ágúst Benediktsson, voru kórfeðlagar í Fóstbræðrum. Sigfús gaf Ágústi og Þórdísi myndina.



Gamli tíminn Húsið séð frá Grettisgötu sem þarna hefur nýlega verið framlengd. Hér er Ágúst, afi Trausta, með Einar son sinn.



Að leik Dagný, amma Trausta, ásamt Birgi bróður sínum þar sem SPRON stendur nú.

Enginn brandari

Arkitektar hússins við Vegamótastíg 7-9 eru Margrét Harðardóttir og Steve Christer hjá Studio Granda. Hönnunin hefur strax vakið athygli og fjallað hefur verið um hana í tveimur virtum arkitektatimaritum, *The Architectural Review* og *Forum Aid*. „Það er óvenjulegt að óskað sé eftir birtingu á hlutum sem eru enn í þróun,“ segir Steve, sem verður fyrir svörum fyrir hönd arkitektanna.

Hann segir þetta að mörgu leyti erfitt verkefni. Í fyrstu hafi þau komið með tillögu um nútímaþyggingu á þessum stað en þá var miðað við að gamla húsið yrði flutt. „Það var eitthvert tómarúm í verkefninu,“ segir Steve og bætir við að úr löngum hugmyndaafundi hafi síðan komið upp sú hugmynd að flytja húsið uppá þak. „Úrlausnarefnið er ekki auðvelt og lóðin er þröng. Það þarf að koma þessu til skila án þess að þetta verði að leiðinlegum brandara. Það hefur óhemjumikil vinna farið í verkið. Ég held að við höfum teiknað 45-50 tillögur að því hvernig húsið ætti að líta út,“ segir hann en er sáttur við útkomuna. „Hið gamla og nýja er ein heild. Í þessu felst líka athugasemd um þróun skipulags í Reykjavík og hvaða áhrif skipulag hefur á umhverfi okkar. Gamla húsið er komið á pall, endurreist á nýjum stað,“ segir Steve og útskýrir nánar hvað honum finnst um þróun miðbæjarins.

Græðgi og vantraust á fortíðinni

„Mér finnst hún ekki góð. Peningar og græðgi hafa ráðið alltof miklu. Þetta snýst líka um vantraust fólks á sinni eigin fortíð. Fólk áttar sig ekki á hvaða verðmæti liggja í fortíðinni. Degar þú átt lítið þarftu að passa þessa hluti sem þú átt. Mörgum finnst það sem til er ekki merkilegt, hér er ekkert Stonehenge eða Pantheon. En þetta er það eina sem fólk hefur á, það á náttúruna og nokkra kofa,“ segir hann og útskýrir nánar: „Fólk vill endurskrifa söguna eins og hefur verið okkurt gert í fullt af harðstjórnarríkjum. Það vill gleyma gamla tímanum og hugsa ekki um að hér hafi einhvern tímann verið fátækt.“

Varðandi hönnunina er eitt atriði sem hann vill sérstaklega benda á í sambandi við útlit hússins. „Þarna kemur saman hið gamla og nýja. Húsið er klætt í kopar en „nýi hlutinn“ er klæddur með sléttum kopar en gamla húsið með bylgjuðum kopar, sem er eins og bárujárn. Útlitið er eins og það var nema hvað við erum með betri klæðningu. Það er skemmtilegt að nota koparinn, hann virkar eins og ryðgað bárujárn og er tilvísun í það sem var.“



Frá Studio Granda Líkanið sýnir húsið og umhverfi.